

Eg skal segja ykkur sögu: Ef eg veit, að ykkur þykir vænt um að eg kómi, og eg get glatt ykkur með því, þá verður leiðin helmingi styttri og mér svo miklu léttara um að koma til ykkar.

Nú ætla eg að biðja ykkur að gera eitt fyrir mig. Eiginlega vildi eg mega biðja ykkur að gera margt. En eg þori það ekki enn þá. Þið verðið þá kannske hrædd við mig. En núna ætla eg að biðja ykkur — já, hvað haldið þið að það sé? Biðja ykkur að lesa og hugsa vel um alt það, sem á mér er? Það vil eg að vísu. Sjálfsagt! En eg veit, að þið gerið það. Eg þarf ekki að biðja ykkur um það. En það er annað. Eg ætla að biðja ykkur að skrifa mér línu. Það þarf ekki að vera langt. Og þið þurfið ekki að vera feimin við mig. Bara skrifa eins og þið væruð að skrifa bróður ykkar. Segið mér, hvernig ykkur líst á mig nú. Og segið mér eitthvað í fréttum og eithvað, sem þið viljið að eg skili til annarra barna. Eg skal reyna að koma því. Mér þykir vænt um að flytja þesskonar smá-sendingar. Og, ef þið viljið spyrja mig að einhverju, þá þykir mér líka vænt um það, og eg skal reyna að svara. En þið megið ekki koma mér í bobba.

Eg er nú eiginlega búinn að biðja ykkur um mikið og hefði kannske ekki átt að gera það, heldur þegja og biða með það þangað til seinna. En mér datt þetta í hug, og svo gat eg ekki þagað. Þið takið ekki til þess.

En ætti eg að segja ykkur, hvað eg ætla að gera fyrir ykkur? Sjálfsagt.

Eg sagðist áðan ætla að hampa ykkur og hossa ykkur og lyfta ykkur hátt, ef þið tækjuð vel á móti mér. Eg ætla að reyna það, og eg ætla að reyna að láta ykkur þykja vænt um mig. Segja ykkur það, sem mér dettur í hug. En reyna að láta mér ekki detta annað í hug en það, sem þið hafið gaman og gagn af.

Eg veit það svo vel, að það er ekki til neins fyrir mig að koma til ykkar, nema ykkur geti þótt vænt um mig. Því þó eg hefði eitthvað gott meðferðis handa ykkur, þá yrði það ykkur ekki að neinu gagni, ef þið fengjust ekki til þess að taka við því.

Eg lofa ykkur þá því, að reyna að koma æfninglega með eitthvað, sem ykkur getur þótt vænt um og þið getið haft gott af. Þá þykir ykkur vænt um komu mína.

En þið megið ekki vera of heimtufrek. Þið megið ekki heimta, að eg hafi nóg af öllu, þegar eg kem. Það fer ekki mik-
iðfyrir mér, eins og þið sjáið. Eg er lítill eins og þið. Og